

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 661/2020, um framkvæmd endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

#### 1. gr.

Á eftir orðinu „aðstoð“ í 2. gr. reglugerðarinnar kemur: hafa átt lögheimili hér á landi samfelld 12 síðustu mánuði.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „18.“ í 1. mgr. kemur: 36.
- b. Í stað orðanna „18 mánuði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi“ í 4. mgr. kemur: 24 mánuði enda sé starfsendurhæfing með það að markmiði að auka atvinnuþátttöku enn talin raunhæf að mati framkvæmdaraðila.
- c. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo: Þrátt fyrir 4. mgr. er heimilt að framlengja greiðslutímabil skv. 1. mgr. um allt að 24 mánuði þó aukin atvinnuþátttaka sé ekki talin raunhæf að sinni, ef líkur eru á því að hún verði talin raunhæf síðar. Skal þá einkum litið til þess hvort stígandi sé í framvindu endurhæfingar, aldurs umsækjanda og áhugahvatar.

#### 3. gr.

Á eftir orðinu „skv.“ í 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur: IV. kafla A.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 5. mgr. 7. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 63. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 887/2021 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 661/2020, um framkvæmd endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

*Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 29. júní 2023.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Jóna Guðný Eyjólfssdóttir.*